

## MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2018, mánudaginn 26. nóvember var haldinn 8. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu og hófst kl. 13:30. Viðstödd voru: Pawel Bartoszek, Híálmur Sveinsson, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Katrín Atladóttir, Björn Gísláson og Baldur Borgbórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ómar Einarsson, sviðsstíóri íþróttá- og tómsundasviðs, Steinbór Einarsson, skrifstofustíóri íþróttá- og tómsundasviðs, Andrés B. Andreasen fjármálastíóri íþróttá- og tómsundasviðs. Ingvar Sverrisson frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur boðaði forföll. Fundarritari var Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri hjá íþróttá- og tómsundasviði.

### Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á Frístundakortinu.

Jóhanna Garðarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram að nýju bréf nefndar skóla- og frístundasviðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 11. september 2018, um frístundaakstur.

Menningar-, íþróttá og tómsundaráð leggur fram eftirfarandi bókun:

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð hefur skilning á þeim sjónarmiðum sem fram koma í bréfinu en huga verður að kostnaði. Óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um hvaða félög eru með frístundaakstur, þjónustustig og gjaldskrá, ánægju með þjónustuna og framlög borgarinnar. Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur áherslu að forgangsraðað sé í þágu þeirra verkefna þar sem börnum er kennt að nýta sér almenningsamgöngur.

Kjartan Ásmundsson frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Sigrún Sveinbjörnsdóttir frá skóla- og frístundasviði taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf skóla- og frístundaráðs, dags. 18. október 2018, vegna stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Jafnframt lagt fram kynningarrit um stefnuna.
4. Lagt fram bréf Dansfélagsins Bíldshöfða, dags. 23. október 2018, með ósk um húsaleigustyrk vegna húsnæðis fyrir félagið.

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Erindinu er hafnað. menningar-, íþróttá- og tómsundaráð felur sviðsstjóra í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur að kanna möguleika á því til að koma dansfélaginu inn í hentugu húsnæði á vegum borgarinnar.

5. Lagt fram bréf fjármálastjóra íþróttá- og tómsundasviðs, dags. 19. nóvember 2018, með yfirliti um innkaup íþróttá- og tómsundaráð 2017-2018.
  6. Fram fer kynning á 9 mánaða uppgjöri íþróttá- og tómsundaráð.
  7. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra, dags. 9. nóvember 2018, þar sem tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi gjaldtöku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. er vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs Frestað.
- kl. 15:00 vikur Andrés B. Andreasen af fundi.

8. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra, dags. 16. nóvember 2018, þar sem óskað er eftir umsögn menningar-, íþróttá og tómsundaráðs um skýrslu og tillögur stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð

Ráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í MÍT sammælast um að rétt sé að vinnu við endurskipulagningu hverfisráðanna ljúki fyrr en síðar. Að öðru leyti telur MÍT ekki ástæðu til að veita sérstaka umsögn um tillögurnar en fulltrúar meirihluta og minnihluta áskilja sér rétt til að lýsa álitum á einstaka þáttum tillagnanna við lokaafgreiðslu málsins í borgarstjórn.

9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. nóvember 2018, þar sem mótmæli fastagesta Vesturbæjarlaugar vegna fyrirhugaðrar lokunar á æfingaraðstöðu erer vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs, ásamt umsögn íþróttá- og tómsundaráðs um málið.

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er skylda borgarinnar að búa svo um hnútanna að allir geti notið sundlauganna. Í Vesturbæjarlaug hefur vantað sérklefa fyrir fólk sem þarf rými með betra aðgengi eða kýs af einhverjum ástæðum að nota ekki almenna búningssklefa. Til stendur að færa tækin úr líkamsræktaraðstöðunni annað og nýta það rými undir slíkan sérklefa. menningar-, íþróttá- og tómsundaráð styður þessa forgangsroðun, enda tryggir hún betur það markmið að sem flestir geti notið sundlauganna.

10. Lögð fram tillaga að úthlutun styrkja ráðsins vegna ársins 2019. Samþykkt samhljóða.
11. Lögð fram hugmynd frá samráðsvefnum Betri Reykjavík, dags. 2. nóvember 2018,- App fyrir sund.

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði þakka fyrir athyglisverða hugmynd. Ýmis vinna í þessa veru er í gangi í borgarkerfinu, jafnt á vettvangi vinnu vegna þjónustustefnu sem og í upplýsingatæknideild borgarinnar. Málið verður tekið til skoðunar.

12. Lögð fram svohljóðandi tillaga menningar-, íþróttá- og tómsundaráðsi:

Skipaður verði starfshópur til að móta tillögur um fjölmenningsfræðslu fyrir sjálfboðaliða og þjálfara í íþróttá- og tómsundarstarfi í Reykjavík. Starfshópurinn skal skipaður þremur fulltrúum, einum frá Íþróttá- og tómsundarsviði, einum frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og einum frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Starfshópurinn skal skila tillögum fyrir febrúarlok 2019.

Samþykkt.

13. Lagt fram minnisblað skrifstofu íþróttá- og tómsundarsviðs, ódags., um afgreiðslutíma á Ylströnd.
14. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 22. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn ráðsins um áframhaldandi samstarf við TUFF á Íslandi. Frestað.

Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri Breiðholts tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 16.15**

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Björn Gíslason

Sabine Leskopf  
Katrín Atladóttir  
Baldur Borgþórsson